

Umhverfisstofnun  
Hr. Sigurður Ingason  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík.

Reykjavík, 14. júní 2010

**Málefni: Upplýsingar með umsókn um starfsleyfi fyrir olíubirgðastöðina á Reyðarfirði.**

Í framhaldi af umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Skeljungs við Óseyri á Reyðarfirði, sendast hjálaga umbeðnar upplýsingar.

Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra .

- Óbreytt frá fyrra starfsleyfi, í stöðinni eru 2 olíugeymar 540 og 115 m<sup>3</sup>, en aðeins annar þeirra er í notkun um þessar mundir, hann rúmar 540 m<sup>3</sup> og er í dag notaður undir bensín.

Lýsing á staðháttum við vinnslustað.

- Um er að ræða olíubirgðastöð við Óseyri 4 á Reyðarfirði. Þróarstæði er skipt í 2 hluta, umhverfis hvorn birgðageymi.

Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð.

- Engin hráefni eða hjálparefni eru notuð við daglega starfsemi. Dælur til lestunar á bíla ganga fyrir rafmagni.

Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.

- Engin losun á sér stað í vatn eða jarðveg. Áhrif losunar á andrúmsloft og nánasta umhverfi eru óveruleg vegna lítills umfangs.

Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun.

- Unnið er að uppsetningu á olíuskiljubúnaði við fráveitu stöðvarinnar. Öll undantöppun frá birgðageymi fer fram í lokuðu kerfi og er eldsneyti dælt aftur inn í birgðir eftir undantöppun, en fráveituvatn fer um olíuskilju.

Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.

- Fylgst er með rýrnun sem kann að verða á birgðum í gegnum birgðauppgjör og eftirlit með olíuskiljubúnaði.


Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.

- Innra eftirlit er framkvæmt í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 34/1994.

Að öðru leyti er vísað til gildandi starfsleyfis og reglubundinna úttekta sem fram hafa farið, þmt. að Skeljungur hefur í gildi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Sé frekari upplýsinga óskað, vinsamlega hafið samband við undirritaðan.

Skeljungur hf.

  
Ólafur Jónsson